

Til atvinnuveganefndar Alþingis

Umsögn

um frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðigjald, nr. 74/2012, 631. mál á 148. löggjafarþingi 2017–2018.

Sú var tíðin að verð á helstu nauðþurftum var ákveðið af stjórnvöldum eða nefndum á þeirra vegum. Sama gildi um fiskverð. Gengi á krónunni var fest með lögum frá Alþingi og miðaðist nær alfarið við afkomu sjávarútvegsins. Þetta fyrirkomulag fól í sér veiðigjald þó með óbeinum hætti væri, en innheimta þess fór fram í gegnum tolla. Fullkomin náði þetta kerfi á dögum vinstri stjórnarinnar undir lok sjötta áratugarins, þegar hver grein sjávarútvegsins bjó við sitt gengi.

Þegar þetta miðstýrða fyrirkomulag var aflagt undir lok síðustu aldar og verð á nær öllu (nema landbúnaðarvörum) látið ákvarðast á markaði, hefði strax átt að taka upp markaðstengt veiðigjald. Því miður varð það ekki og því sitjum við enn uppi með eftirhreytur af fyrirkomulagi miðstýrðra ákvarðana, veiðigjaldi sem nú á að fastsetja í krónum og aurum með lögum frá Alþingi.

Ef útgerðin fengi sjálf að ákveða veiðigjaldið á frjálsum markaði gæti hún ekki kvartað um seinangang stjórnvalda við að aðlaga gjaldið breytingu á afkomu útgerðarinnar, en það virðist vera tilefni framlagðs frumvarps. Veiðigjaldið tæki strax mið af stöðunni á hverjum tíma. Þjóðin, eigandi auðlindarinnar, ætti líka að verða sátt enda væri þá greitt markaðsgjald, „fullt gjald“ fyrir veiðiheimildirnar allt eins og tilgreint er í ákvæði um eignarrétt í stjórnarskránni, meira að segja þeirri núverandi.

Í téðu frv. endurspeglast sá reginmisskilningur að veiðigjald sé skattur sem eigi að leggja á eftir efnum og ástæðum, sbr. afsláttinn sem fær heitið „persónuafsláttur“ í greinargerð með frv. Gjaldið er greiðsla fyrir aðgang að hráefni, fyrir heimild til að nýta takmarkaða en sameiginlega auðlind, ekkert annað. Dytti einhverjum í hug að ríkið niðurgreiddi önnur mikilvæg aðföng við fiskveiðar, eins og olíu, og það færi eftir stöðu og stærð útgerðar? Vart nú, enda væri það afturhvarf til þess miðstýringarkerfis sem þjóðin bjó við á árum áður. Veiðigjald, sem síbreytilegur skattur allt eftir því hvernig pólitískir vindar blása, verður aldrei til friðs hvorki innan útvegarins né heldur hjá almenningi.

Byggðasjónarmið blandast ætíð inn í umræðuna um veiðigjöld. Í stað þess að vera með einhverjar byggðatengingar í veiðigjaldskerfinu sjálfu er mun markvissara að verja drjúgum hluta gjaldsins beint til byggðaaðgerða, jafnvel að eymamerkja sjávarútvegsbyggðum tekjupóst af gjaldinu.

Helsta gagnrýnin á markaðstengt veiðigjald er sú að það kunni að kollsigla útgerðinni. Við Jón Steinsson, hagfræðiprófessor tókum árið 2010 saman greinargerð um markaðstengingu veiðigjalds í áföngum fyrir *Starfshóp um endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða*. Í endurskoðaðri gerð þessarar greinargerðar, sem finna má á vefsíðunni <http://thorkellhelgason.is/?p=2555>, eru leiddar líkur að því að það gæti verið útgerðinni fjárhagslega hagkvæmt að setta sig við breytt fyrirkomulag, fyrningarleiðina svokölluðu, m.a. í ljósi þess að óvissu um síbreytilegt pólitískt veiðigjald væri eytt.

Sjálfsgagt mun umrætt frumvarp ná fram að ganga, enda ekkert tómt til að grundaðrar gagntillögu nú í ljósi hins mikla ódagots í þessu máli. En tilefni er til að hvetja þingmenn til að kynna sér fordæmalaust almennt og nútímalegt fyrirkomulag: Hægfara aðlögun að markaðsbúskap í þessum málum sem öðrum.

Virðingarfyllst, München, 1. júní 2018,

Þorkell Helgason, fyrrv. prófessor (kt. 021142-4259)
Strönd, 225 Gardabæ